

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um nauðungarsölu.

1. *Hversu oft á ári hverju árin 2013–2023 fór nauðungarsala á fasteign fram á almennum markaði og hversu oft fór nauðungarsala á fasteign fram með uppboði á sama tímabili?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr starfskerfi sýslumanna, Sýslu, með vélrænni talningu í samstarfi við sýslumannaráð. Samtals voru gefin út 4.140 afsöl vegna fasteigna sem seldar voru á framhaldsuppboði á árunum 2013–2023. Á sama tímabili voru gefin út átta afsöl vegna fasteigna sem seldar voru nauðungarsölu á almennum markaði.

Sérstök athygli er vakin á því að tölfræði embættis sýslumannsins á Vesturlandi var ekki aðgengileg í Sýslu fyrir árin 2013 og 2014. Núverandi embætti sýslumanna tóku til starfa hinn 1. janúar 2015 á grundvelli laga nr. 50/2014, um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði. Upplýsingar frá þessum tíma virðast ekki hafa verið færðar yfir í Sýslu úr fyrra málaskrákerfi og eru því ekki aðgengilegar embætti sýslumannsins á Vesturlandi.

Neðangreint er sundurliðun á framangreindum svörum eftir árum.

	Alm. sala	Uppboð
2013	0	1459
2014	0	608
2015	1	722
2016	1	589
2017	2	246
2018	1	114
2019	1	123
2020	0	112
2021	1	83
2022	1	48
2023	0	36
Samtals	8	4140

2. *Hversu oft á ári hverju árin 2013–2023 neituðu sýslumenn beiðni gerðarþola nauðungarsölu um að fasteign yrði seld á almennum markaði?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar með yfirferð gagna úr starfskerfi sýslumanna, Sýslu, í samstarfi við Sýslumannaráð. Á tímabilinu 2013–2023 var, samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, beiðni gerðarþola nauðungarsölu um sölu á almennum markaði aldrei synjað.

3. *Hversu oft voru fasteignir seldar á nauðungaruppboði fyrir lægra verð en sem fasteignamat á ári hverju árin 2013–2023?*

Umbeðnar upplýsingar eru ekki aðgengilegar úr starfskerfi sýslumanna, Sýslu. Þá er jafnframt bent á að upplýsingar um fasteignamat eru hvorki sóttar úr fasteignaskrá né skráðar sérstaklega inn í starfskerfi sýslumanna við nauðungarsölu. Skýrist það af því að fasteignamat er ekki meðal þess sem fram kemur í beiðni um nauðungarsölu, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.